

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2020  
UST202002-113/A.B.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hótel og baðlón - Efri-Reykir í Bláskógabyggð- Viðbótarumsögn**

Umhverfisstofnun veitti þann 15. ágúst 2019 umsögn um matsskyldufyrirspurn ofangreindrar framkvæmdar. Þann 7. janúar sl. barst stofnuninni boð frá Skipulagsstofnun um að veita viðbótarumsögn vegna svara framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar og breytingar á framkvæmd. Stofnunin hefur eftirfarandi að segja um framkvæmdina líkt og henni er nú lýst í nýjum upplýsingum framkvæmdaraðila.

#### **Klórhreinsun**

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fallið hefur verið frá klórhreinsun og mun framkvæmdinni hagað samkvæmt reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Umhverfisstofnun telur þessa breytingu vera framkvæmdinni til bóta m.t.t. umhverfisáhrifa. Þessu tengt bendir stofnunin á að í 11. gr. reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni segir að þrátt fyrir að óheimilt sé að nota sóttgreinsiefni getur heilbrigðisnefnd heimilað eða fyrirskipað notkun á klór í baðvatn á baðstöðum í 1. og 2. flokki til að draga úr gróðurmyndun í kerri og/eða til að sóttgreinsa vatnið/kerið hafi gerlafjöldi í baðvatninu mælst endurtekið yfir hámarksgildum.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að framkvæmdaraðili mun haga framkvæmdinni á þann hátt að ekki verði þörf á klórhreinsun en telur að taka þurfi fram í leyfi starfseminnar að óheimilt sé að nýta klór til hreinsunar og þurfi því fremur að fækka gestum ef gerlafjöldi í baðvatni mælist yfir mörkum. Stofnunin telur jákvætt ef viðbragðsáætlun um slíkt liggir fyrir leyfisveitingu og/eða sé kveðið á um í leyfi baðlónsins svo ekki komi til aðstæðna þar sem heilbrigðisnefnd þurfi að fyrirskipa klórnotkun til sóttgreinsunar á baðvatni.

#### **Fráveita**

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki er enn búið að velja nákvæmlega hvaða hreinsistöð verði keypt og ekki liggir fyrir hvort nokkur þörf sé á að setja upp hreinsun á auðgandi efnnum eins og fyrirhugað er að kanna með mælingum fyrir seinni áfangann. Umhverfisstofnun bendir á að 750 pe. sé svipað og lítið þorp og því skólpmagnið töluvert og því mikilvægt að vandað sé til verka þegar hreinsistöð er valin.

### **Innfluttar hitakærar vatnablöntur**

Samkvæmt svari framkvæmdaraðila verða tjarnirnar á svæðinu ávallt með hita á bilinu 25-34°C og gæti því verið spennandi staður til að prófa sig áfram með innfluttar hitakærar vatnablöntur sem ekki gætu vaxið annars staðar á Íslandi. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 63. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, er innflutningur á framandi lífverum háð leyfi frá stofnuninni.

### **Lög um stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun vill benda framkvæmdaraðila á það að gr. 2.4.1. í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011, um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, fjallar um vöktunarnet fyrir styrk forgangsefna í grunnvatni en ekki mælingar á mengun vegna fráveitu í yfirborðsvatnshlotum. Meginmarkmið laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, er að öll vatnshlot skulu vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand vatnshlota byggir á gæðapáttum sbr. 9. gr. og III. viðauka. Vatnsformfræðilegir og eðlis- og efnafræðilegir gæðapættir styðja við líffræðilegu gæðapættina. Þar sem misskilningur virðist ríkja um túlkun reglugerðar nr. 535/2011 bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdaraðili getur haft samband við stofnunina til að fá upplýsingar um framkvæmd laga um stjórn vatnamála.

### **Leyfisveiting**

Ef ákvörðun Skipulagsstofnunar verður sú að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum minnir Umhverfisstofnun á það sem segir í 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum: „*Við útgáfu leyfis til framkvæmdar sem fellur í flokk B og flokk C þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.*“ Hægt er að binda framkvæmdaraðila skilyrðum sem tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við þær forsendur sem lagt er upp með í tilkynningarskýrslu þar sem líkleg umhverfisáhrif hafa verið metin út frá þeim forsendum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að brýna það fyrir framkvæmdaraðila að ef umsókn til leyfisveitanda er ekki í samræmi við umrædda tilkynningu (tilkynningarskýrslu framkvæmdar til ákvörðunar um matsskyldu) þá verður að tilkynna framkvæmdina aftur. Er þetta sérstaklega mikilvægt hvað varðar möguleika á umtalsverðum umhverfisáhrifum baðlóns vegna klórhreinsunar og hættu á klórmengun að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við svör framkvæmdaraðila.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur